


Alþingi  
Erindi nr. P 138/94S  
komudagur 22.1.2010



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 21. janúar 2010  
Tilvísun FLE 3-2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

**Málefni:** Frumvarp til laga um breyting á lögum 79/2008 um  
endurskoðendur, 227 mál.

Með tölvupósti dags. 28. desember s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir  
umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar  
FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin er sammála þeim breytingum sem lagðar eru til í umræddu  
frumvarpi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurður B. Arnþórsson'.

Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/933*  
*komudagur 20.1.2010*


Reykjavík, 18. janúar 2010  
Tilvísun 111  
ÁSK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðendur, 227. mál.**

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. desember sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um endurskoðendur (starfsábyrgðartrygging), 227. mál.

Kauphöllin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

  
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,  
lögfræðingur.

Alþingi  
Erindi nr. P 138/986  
komudagur 22.1.2010

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík.

22. janúar 2010

A-8  
LÖ/bb

Vísað er til tölvuskeytis nefndasviðsins frá 28. desember síðar sem óskað er umsagnar um sjö eftirtalin þingmál:

- Frv. til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og ýmsum öðrum lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, **218. mál**
- Frv. til laga um breyting á lögum um bókhald (hlutverk endurskoðenda og skoðunarmanna o.fl.), **219. mál**
- Frv. til laga um endurskoðendur (starfsábyrgðartrygging), **227. mál**
- Frv. til laga um váttryggingastarfsemi (heildarlög, EES-reglur), **229. mál**
- Frv. til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði EES (EES-reglur, heildarlög), **277. mál**
- Frv. til laga um breytingar laga vegna frumvarps um þjónustuviðskipti á innri markaði EES (EES-reglur), **278. mál**
- Frv. til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, **259. mál**

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreind frumvörp.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/1009*  
*komudagur 25.1.2010*

25.1.2010

Viðskiptanefnd Alþingis.

Við er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. desember 2009, þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjóra um eftirfarandi sjö þingmál. Umsögn embættisins fylgir hér fyrir neðan.

**Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, 227. mál.**

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS

Thelma Clausen Þórðardóttir / Eyjólfur Ármannsson

DAGSETNING


TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd  
vt. Selma Hafliðadóttir  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍKReykjavík, 11. janúar 2010 02-2009121294  
T-ums 04/10**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79/2008,  
um endurskoðendur - 227. mál, þskj. 252.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 28. desember 2009 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur - 227. mál, þskj. 252

Það er mat ríkisskattstjóra að ekki sé ástæða til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Skúli Eggert Þorðarson



Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 138/934  
komudagur 20.1.2010



SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Sambærileg krafa og gerð er í 6. gr. laga nr. 79/2008 um tryggingu vegna tjóns sem valdið er af ásetningi er ekki gerð í lagaákvæðum varðandi starfsábyrgðartryggingar annarra starfsstétta.

## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi,  
Viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 18. janúar 2010

**Efni: Umsögn SFF og SA um frumvarp til breytinga á lögum um endurskoðendur, nr. 79/2008 (þskj. 252 - þingmál 227)**

Samtök fjármálafyrirtækja og Samtök atvinnulífsins hafa fengið ofangreint mál til umsagnar og skila sameiginlegri umsögn um málið. Samtökin telja brýnt að gera breytingar á ákvæði 6. gr. laga um endurskoðendur, nr. 79/2008 og lýsa eindregnum stuðningi við frumvarpið. Til skýringar skal gerð grein fyrir þeirri breytingu sem gerð var á kröfum til starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda með gildistöku framangreindra laga.

Hinn 1. janúar 2009 tóku gildi lög um endurskoðendur, nr. 79/2008. Í 6. gr. þeirra laga er kveðið á um það að endurskoðendum sé skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu sem tekur til fjárhagstjóns sem leitt getur af ásetningi eða gáleysi í störfum endurskoðanda eða starfsmanna hans samkvæmt lögnum. Samkvæmt 10. gr. eldri laga um endurskoðendur skyldi starfsábyrgðartrygging taka til fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum endurskoðanda eða starfsmanna hans.

Með gildistöku laga um endurskoðendur, nr. 79/2008 var gerð veigamikil breyting á kröfum til starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda, þar sem vikið er frá eldri reglu, sem er í samræmi við þær reglur sem almennt gilda um starfsábyrgðartryggingar annarra sérfræðingastétta. **Sambærileg krafa og gerð er í 6. gr. laga nr. 79/2008 um tryggingu vegna tjóns sem valdið er af ásetningi er ekki gerð í lagaákvæðum varðandi starfsábyrgðartryggingar annarra starfsstétta.**

Sú breyting sem varð á kröfum til starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda með lögum nr. 79/2008 fór því miður fram hjá samtökunum þegar þau fengu frumvarpið til umsagnar vorið 2008. Ekki verður séð að nein umræða hafi farið fram um þessa breytingu við meðferð málsins á Alþingi. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna er getið um helstu breytingar sem felast í því en ekki er getið um þá grundvallarbreytingu sem lögð var til varðandi kröfur til starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda. Í athugasemdum með 6. gr. frumvarpsins segir að ákvæðið sé að mestu efnislega samhljóða ákvæði 10. gr. þágildandi laga um endurskoðendur. Þar sem 6. gr. fól í sér veigamikla grundvallarbreytingu á kröfum til skylduvátryggingar, hefði verið eðlilegt að bera þá breytingatillögu sérstaklega undir

vátryggingageirann meðan frumvarpið var í vinnslu og vekja athygli á breytingunni við þinglega meðferð málsins.

Í 27. gr. laga um endurskoðendur, nr. 79/2008 er nýtt ákvæði um bótaábyrgð endurskoðenda og orðalag 6. gr. laganna um starfsábyrgðartryggingar er nokkuð samhljóða því ákvæði. Við skoðun athugasemda við 27. gr. frumvarps til laga um endurskoðendur kemur í ljós tilvísun til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004. Í 27. gr. þeirra laga er sambærileg regla og í 27. gr. laga um endurskoðendur og í 5. gr. laganna er ákvæði um starfsábyrgðartryggingar fasteignasala. Við skoðun þess ákvæðis og athugasemda með því kemur í ljós að skyldan til að hafa starfsábyrgðartryggingu nær einungis til tjóna sem rakin verða til gáleysis en ekki til ásetnings. Í athugasemdum með 5. gr. er skýrt hvers vegna starfsábyrgðartryggingarskyldan er takmörkuð með þeim hætti. Þar segir m.a.: „Tekið var til sérstakrar skoðunar hvort unnt væri að leggja til þá breytingu að fasteignasali skyldi leggja fram tryggingu vegna tjóns sem hann kynni að valda af ásetningi. Slíkt væri nýlunda í lagaákvæðum sem taka til starfsábyrgðartrygginga einstakra starfstétta, enda hefur vart verið unnt að fá svo víðtækar starfsábyrgðartryggingar.“

Lög um endurskoðendur: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008079.html>


Lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2004099.html>

Í febrúar 2009 tilkynntu SFF fjármálaráðuneyti að ekki yrði séð að íslensk vátryggingafélög myndu sjá sér fært að bjóða upp á starfsábyrgðartryggingar fyrir endurskoðendur sem tækju til tjóns vegna ásetningsbrota og endurskoðendur myndu því ekki geta uppfyllt skyldu sína skv. 6. gr. laga nr. 79/2008. Eftir flutning málaflokksins til efnahags- og viðskiptaráðuneytis áttu fulltrúar SFF fund með starfsfólki ráðuneytisins og formanni endurskoðendaráðs vegna þessa máls og gerðu grein fyrir stöðunni varðandi starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda og bentu á að brýnt væri að gera breytingar á nefndu ákvæði. Erindinu var mjög vel tekið og nú hefur verið lagt fram frumvarp sem leggur til að orðin „ásetningi eða“ í 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

Samkvæmt framanrituðu styðja SFF og SA samþykkt frumvarpsins. Fulltrúar samtakanna eru hvenær sem er reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum, verði þess óskað.


Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Helga Jónsdóttir hdl.



Alþingi  
Erindi nr. P 138/914  
komudagur 15.1.2010

14. janúar 2010  
Dags. yðar: 28. desember 2009  
SI-59932

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, 227. mál.


Með tölvupósti dags. 28. desember 2010, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.


Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að eftir gildistöku laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, hafi komið í ljós að tryggingafélög hafi ekki getað boðið endurskoðendum starfsábyrgðartryggingar vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af ásetningsbrotum. Hafi endurskoðendur því ekki getað uppfyllt skilyrði 1. mgr. 6. gr. laga um endurskoðendur. Í frumvarpinu sé því lagt til að umrædd skylda verði felld niður. Áfram standi hins vegar skylda þeirra til að taka starfsábyrgðartryggingu vegna gáleysisbrota og mun það vera í samræmi við ákvæði um starfsábyrgðartryggingar annarra stétta, t.d. lögmanna, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn.

Ennfremur er tekið fram í athugasemdunum að þrátt fyrir að lagt sé til að endurskoðendum verði ekki skylt að taka starfsábyrgðartryggingu vegna tjóns sem hlotist hefur af ásetningsbrotum beri endurskoðendur eftir sem áður ábyrgð á tjóni sem þeir eða starfsmenn þeirra valda af ásetningi eða gáleysi, sbr. 27. gr. laga um endurskoðendur.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Sigríður Logadóttir  
aðallögfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



Alþingi  
Erindi nr. P 138/1028  
komudagur 27.1.2010



Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t. Selmu Hafliðadóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. janúar 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 79/2008, um endurskoðendur (227. mál).  
*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á starfsábyrgðartryggingarákvæði núgildandi laga.*

**Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs